



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpvaggi

**Þuríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Múlaþing
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 10. janúar 2023
MÍ202212-0056/ 6.00 / Þ.E.H.

Efni: Brú yfir Gilsá frá 1957, Múlaþing - varðveisla

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvubréf skrifstofustjóra Múlaþings frá 9. desember 2022 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um erindi sem barst heimastjórn Fljótsdalshéraðs varðandi framtíð brúarinnar yfir Gilsá sem var reist árið 1957.

Yfir Gilsá standa í dag tvær brýr og er sú þriðja í smíðum. Elsta brúin á svæðinu var reist 1908 og er talin einstök fyrir þær sakir að vera fyrsta járnbrúin sem er að öllu leyti íslensk smíði. Núverandi brú var reist árið 1957 en mun falla úr notkun þegar ný brú sem er að rísa örlítið ofar verður tekin í notkun.

Erindið sem heimastjórn barst sneri að því að leyfa núverandi brú yfir Gilsá frá 1957 að standa í stað þess að fara í niðurrif hennar í kjölfar þess að ný brú mun koma til með að leysa hana af. Með því að varðveita brúna væri verið að vernda brúarsögu svæðisins þar sem þrjár brýr myndu þá standa yfir Gilsá.

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um staðsetningu nýrrar brúar og vegaðkomu við Gilsá með bréfi dagsettu þann 12. febrúar 2021 (MÍ202101-0114/ 6.10 / Þ.E.H.). Minjastofnun gerði þar ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir með því skilyrði að tekið yrði tillit til þeirra minja sem eru á svæðinu. Sú niðurstaða byggði á fornleifaskráningu sem gerð var vegna framkvæmdanna af Sagnabrunni; *Fornleifaskráning á breyttu vegstæði hjá Gilsá á mótum Skriðdals og Valla, Múlaþingi* (skýrsla gefin út árið 2020). Samkvæmt henni voru engar minjar í hættu vegna framkvæmdanna en tvær fornleifar voru skráðar á svæðinu, elsta brúin yfir Gilsá og gamli vegurinn.

Núverandi brú yfir Gilsá frá árinu 1957 fellur ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 svo álit Minjastofnunar varðandi framtíð hennar er leiðbeinandi en ekki stjórnvaldsúrskurður. Minjastofnun tekur undir þá hugmynd að leyfa brúnni frá 1957 að standa sé þess kostur. Þar með er brúarsögu svæðisins haldið lifandi og ýmis möguleikar þar með fyrir hendi til kynningar á henni til fræðslu og gamans. Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,

Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands